

### Úrskurður fógataréttar Reykjavíkur 8. apríl 1974.

Lögmaðurinn (þ. e. lögmaður gerðarpóla) telur sig ekki geta mætt til munnlegs málflutnings sökum embættisanna. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælir fresti þessum og krafðist efnisúrskurðar í málinu.

Eftir atvikum leit fógeti svo á, að rétt væri að veita lögmanni gerðarpóla frest til að flytja mál sitt munnlega fyrir fógataréttinum. Var þar haft í huga, að miklir hagsmunir gerðarpóla eru við það bundnir, að mál hans verði munnlega flutt.

Þar sem algerlega er áskipað á tíma fógeta á morgun og miðvikudag, verður að fresta málinu til þriðjudags 16. apríl, klukkan 1330.

#### Því úrskurðast:

Munnlegur málflutningur í máli þessu skal fara fram þriðjudaginn 16. apríl 1974, klukkan 1300.

Miðvikudaginn 8. maí 1974.

Nr. 146/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Viggó Sigurjónssyni**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Líkamsmeiðingar, 217. gr. alm. hegningarlaga. Sýkna.

#### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni þau, er í héraðsdómi greinir, komið fyrir dóm og staðfest vætti sín með eiði. Ákærði

var þá einnig yfirheyrður. Kannaðist hann ekki við, að Hansína Krístrún Sigurðardóttir hefði skýrt honum frá því, að hún ætti erfitt með gang. Hún hafi aftur á móti lagt áherslu á að komast alveg að hliðinu við húsið, en það hafi ekki verið unnt, eins og í fyrri framburði hans getur.

Hansína Krístrún kvaðst við framhaldspróf ekki alveg geta gert sér grein fyrir því, hvað hún hafi sagt nákvæmlega við ákærða, er komið var að heimili hennar, þar eð svo langt væri um liðið, og vísaði um þetta atriði til fyrri framburða sinna.

Eins og í héraðsdómi getur, neitar ákærði því að vera valdur að áverkum þeim, sem Hansína Krístrún kveðst hafa hlotið, er ákærði færði hana út úr bifreiðinni, og honum er gefið að sök í ákæru.

Framburðir hennar um, hvernig hún hlaut áverka þessa, eru nokkuð á reiki. Í skýrslu Hrafns Marinóssonar lögreglumanns er haft eftir henni, að ákærði hafi fært hana nauðuga út úr bifreiðinni, hent henni í götuna og hún hafi þá hlotið áverkana. Í skýrslu rannsóknarlögreglu er skráð eftir henni: „Ekki get ég gert mér grein fyrir því, hvernig ég hef fengið höggið á andlitið, hvort það hefur verið af bílnum sjálfum eða ég hef lent á gangstéttinni við húsið“. Fyrir dómi staðhæfir hún, að hún hafi, er ákærði dró hana út úr bifreiðinni, „rekið höfuðið í bifreiðina og hlotið þau meiðsl, sem í sjúkrahvottorði greinir“.

Gegn mótmælum ákærða og þegar litið er til fyrri framburðar Hansínu Krístrúnar er ósannað, að hún hafi hlotið áverka þá, er í máli þessu greinir, við að falla í götuna, er ákærði dró hana út úr bifreiðinni, eins og í ákæru getur. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu, sbr. og 3. mgr. 118. gr. laga nr. 73/1973.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

## Dómsorð:

Ákærði, Viggó Sigurjónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. janúar 1973.**

Ár 1973, þriðjudaginn 9. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2/1973: Ákæruvaldið gegn Viggó Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 27. september 1972, höfðað á hendur Viggó Sigurjónssyni leigubifreiðarstjóra, Stóragerði 10, Reykjavík, fæddum 15. janúar 1923 að Bræðrabrekku, Óspakseyrarhreppi, Strandasýslu, „fyrir að hafa laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 2. apríl 1972, þá er hann hafði ekið þremur farþegum frá Hátúni 8 að Eskihlíð 22 í Reykjavík, lagt þar hendur á einn farþeganna, Hansínu Sigurðardóttur, Eskihlíð 22, Reykjavík, eftir að orðahnippingar höfðu átt sér stað milli þeirra um, hvar skyldi stöðva bifreiðina, og dregið Hansínu út úr bifreiðinni, þar sem hún féll í götuna með þeim afleiðingum, að Hansína hlaut við þetta nokkra áverka á andlit, sem mikið blæddi úr, auk þess sem föt hennar ýmist skemmdust eða ónýttust.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1945 14/3 í Reykjavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1945 8/11 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

- 1946 11/1 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1946 15/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1947 7/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.
- 1949 14/2 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 10. gr., sbr. 38. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1949 7/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 30/8 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1950 27/9 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 1950 3/11 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1951 4/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1951 19/7 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
- 1951 22/11 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1955 31/3 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1955 19/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1961 3/1 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 48. gr., 1. mgr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 31. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar.
- 1964 30/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 2. apríl 1972, klukkan 0045, var óskað aðstoðar lögreglu að Eskihlíð 22 hér í borg. Lögreglan fór á staðinn og hitti þar fyrir konu, sem var með mikinn áverka í andliti, er hún kvaðst hafa hlotið af völdum leigubifreiðarstjóra, sem ekið hefði henni að húsinu ásamt eiginmanni hennar og syni. Lögreglu virtist konan sem og þeir feðgar vera undir áhrifum áfengis. Hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans til aðgerðar. Klukkan 0120 um nóttina hafði lögreglan tal af nefndum leigubifreiðarstjóra, ákærða í máli þessu, og segir þannig í lögregluskýrslu um framburð hans hjá varðstjóra: „... Hann kvaðst aðspurður aka leigubifreiðinni R 2818 og kannaðist við að hafa ekið konu og tveim mönnum frá Hátúni 8 að Eskihlíð 22. Þegar

þangað hefði verið komið, hefði konan óskað eftir, að hann æki að hliði, sem þarna væri við norðurhlið hússins. Hann kveðst hafa neitað að aka að hliðinu, enda ekki nema fáeinir metrar frá því að bifreiðinni. Hefði konan þá neitað að yfirgefa bifreiðina. Annar maðurinn hefði borgað ökugjaldið og farið ásamt hinum mannum inn í húsið og hefði konan ekki viljað fara með þeim. Hann kveðst þá hafa farið og dregið konuna út úr bifreiðinni og leitt hana að hliðinu og skilið hana þar eftir. Ekki hefði komið til frekari átaka með þeim og meðan hann sá til hennar, hefði hún ekki fallið á götuna. Hún hefði krafist þess, að hann segði sér númerið á bifreiðinni, en hann svarað því til, að hún gæti at-  
hugað það sjálf, og hefði hann séð það síðast til hennar, að hún hljóp út á gangstéttina að bifreiðinni, en hann kvaðst þá hafa ekið á brott...“.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hildar Viðarsdóttur, að stoðarlæknis slysadeildar Borgarspítala, dagsett 4. apríl 1972, um meiðsl þau, sem farþeginn í leigubifreið ákærða hlaut umrætt sinn. Segir í vottorði þessu meðal annars: „... Hún kvaðst hafa verið á leið heim til sín úr húsi nokkru hér í bæ. Með henni voru eiginmaður hennar og sonur. Óku þau í leigubifreið að sögn konunnar. Segir hún, að bílstjórinn hafi stöðvað bifreiðina við Eski-  
hlið 22 A og hafi feðgarnir stigið þar út, en hún hafi beðið bílstjórann að aka að hliðinu við Eski-  
hlið 22. Hafi hann neitað því og hún þá sagt, að hún færi ekki út úr bifreiðinni, nema hann gerði það. Segir konan, að þá hafi bílstjórinn farið út, opnað aftur-  
dyrnar, fleygt sér út og í götuna.

Við komu í Slysadeild Bsp. var lítilsháttar áfengislykt út vitum konunnar, en ekki var að merkja nein áfengisáhrif, og kom hún ágætlega fyrir.

Föt konunnar voru blóði drifin. Hægri kinn var stokkbólgin og hægra auga sokkið í bólgu. Á hægri kinn var grunnt fleiður, á að giska 1.0 x 2.0 cm að stærð. Blæddi frá því. Ekki var að sjá nein óhreinindi í fleiðri þessu. Aðra áverka var ekki að sjá, en nokkuð blæddi úr nefi.

Teknar voru röntgenmyndir af andlitsbeinum, sýndu þær engin brot. Settar voru umbúðir á hægri kinn. Sömuleiðis fékk konan með sér lyfseðil fyrir verkjatöflum, fúkkalyfi og nefdropum. Dvaldist konan hér þar til um morguninn, en var ráðlagt að koma síðar til eftirlits...“.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði greint sinn ekið konu og

tveim karlmönnum frá Hátúni 8 að Eskihlíð 22, og taldi hann, að þau hefðu öll verið talsvert undir áhrifum áfengis. Karlmennirnir hefðu greitt aksturinn og horfið úr bifreiðinni inn í húsið, en konan hefði harðneitað að stíga út úr bifreiðinni, nema ákærði æki alveg að hliði hússins, en slíkt hefði ekki verið unnt vegna annarra bifreiða. Ákærði kvaðst hafa tekið í vinstri handlegg konunnar og þá er hún streittist á móti, tekið undir báða handleggi hennar og þannig fært hana út úr bifreiðinni. Ákærði staðhæfði, að hann hefði leitt konuna að hliðinu, yfirgefið hana þar og ekki séð, að hún væri slösuð, og taldi hann fráleitt, að konan hefði meiðst við það, að hann tæki hana nauðuga úr bifreiðinni, en þó vildi hann ekkert um það segja, hvort marblettir hefðu myndast við það, að hann greip í handlegg hennar. Ákærði staðhæfði, að þá er konan hafði á orði að kæra hann, hefði hann gefið henni upp númerið á leigubifreið sinni. Hann fullyrti og, að konan hefði verið áverkalaus, þegar hann ók á brott og hefði hún þá staðið á gangstéttinni við grindverkið.

Vitnið Hansína Krístrún Sigurðardóttir blómaskreytingardama, Eskihlíð 22, Reykjavík, kvaðst hafa neytt lítils háttar áfengis greint sinn, en vart fundið til áfengisáhrifa. Vitnið staðhæfði, að engin hindrun hefði verið, þannig að ákærði hefði getað ekið alveg að hliðinu við heimili þess, en vitnið kvaðst hafa lagt á það áherslu að komast alveg að hliðinu, þar sem það væri með brjóskslos í mjöðmum og því eiga erfitt með gang, þótt það ætti ekki vanda til að falla til jarðar. Vitnið fullyrti, að ákærði hefði rokið út úr bifreiðinni, þrifið vinstri afturhurð opna, gripið um vinstri handlegg vitnisins og dregið það með valdi út úr bifreiðinni, en það um leið rekið höfuðið í bifreiðina og hlotið meiðsl sín við það. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst vitnið ekki geta gert sér fulla grein fyrir öllum atvikum, þar sem það taldi sig hafa misst meðvitund smástund og því ekki geta borið, hvort það hefði fengið högg í andlitið af bifreiðinni sjálfri eða við það að hafna á gangstéttinni, en því fannst það vera að grína í númer bifreiðarinnar, í sömu mund og ákærði hraðaði sér á brott.

Vitnið Magnús Ármann Magnússon skrifstofumaður, Eskihlíð 22, Reykjavík, eiginmaður vitnisins Hansínu Krístrúnar, kvað þau hjónin og son þeirra hafa neytt lítils háttar áfengis á Hótel Sögu og síðar hjá kunningjafólki sínu, en taldi, að þau hjónin hefðu ekki verið undir áfengisáhrifum, en sonur þeirra eitthvað. Vitnið kvað þá feðgana hafa farið út úr bifreiðinni við Eskihlíð 22 og ekki gætt þess að taka Hansínu Krístrúnu með, en vegna brjósks-

eyðingar ætti hún örðugt með hreyfingar án þess þó að eiga vanda til að falla niður. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um samskipti ákærða og eiginkonu þess, en hún hefði komið inn í húsið blóðug og grátandi litlu síðar og staðhæft, að ákærði hefði misþyrmt henni.

Vitnið Orla Egon Nielsen hárskurðarmeistari, Hátúni 8, Reykjavík, kvað þau hjónin Hansínu Kristínu og Magnús Ármann hafa komið á heimili þess greint sinn ásamt syni sínum, þau öll neytt þar áfengis, en ekki verið undir áhrifum þess, er þau fóru. Vitninu kvað sér vera kunnugt um, að Hansína Krístrún væri liðagigtarsjúklingur, ætti örðugt með hreyfingar, væri óstöðug og ætti vanda til að falla.

Vitnið Ingibjörg Daníelsdóttir Nielsen húsmóðir, Hátúni 8, Reykjavík, kvað þau hjónin Hansínu Krístrúnu og Magnús Ármann sem og son þeirra hafa neytt einhvers áfengis á heimili þess, en þó ekki mikils. Vitnið kvaðst þekkja Hansínu Krístrúnu vel, hún hefði verið liðagigtarsjúklingur til margra ára, ætti örðugt með hreyfingar, og taldi vitnið, að lítið þyrfti til, þannig að hún yrði fyrir falli.

Vitnið Hrafn Marinósson lögreglumaður, Miklubraut 68, Reykjavík, kvað greinilegt, að þeir feðgarnir hefðu neytt áfengis, en taldi þá þó ekki tiltakanlega ölvaða, en örðugra væri að meta ölvunarástand konunnar, þar sem hún hefði verið í mikilli geðs-hræringu, en þó hugði vitnið, að hún hefði neytt áfengis. Vitnið kvaðst hafa verið nærstätt, þá er ákærði var yfirheyrður af lögregluvarðstjóra, og samtímis skráð efnislega niður frásögn hans og síðan fært hana inn í lögregluskýrslu sína, sem vitnið staðfesti rétta fyrir dómi. Vitnið staðhæfði, að engar bifreiðar hefðu verið við húshliðið, þegar það kom að, og ákærði hefði ekki minnst á nokkra hindrun við hliðið við yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Þá er lítið er til heilsufars vitnisins Hansínu Krístrúnar, þykir varhugavert í refsímáli gegn ákærða og gegn eindreginni neitun hans að telja alveg nægar sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi valdið því, að Hansína Krístrún hafi fallið í götuna með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir. Hins vegar hefur ákærði játað, að hann hafi lagt hendur á konuna og tekið hana með valdi nauðuga úr bifreiðinni, en eins og á stóð, var honum slíkt óheimilt, og varðar þessi háttsemi hans við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin varðhald 30 dagar, en fresta þykir mega fullnustu refsingar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2

árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Hansína Krístrún Sigurðardóttir hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða, samtals að fjárhæð kr. 10.800.00. Var bótakrefjanda gefinn kostur á að rökstyðja kröfur sínar, en sinnti því ekki, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki dæmt um kröfurnar í máli þessu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Viggó Sigurjónsson, sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---